

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

18. júlí 2025
UOS2506190/A.p.
13.05.00

Efni: Umsögn – Umhverfismatsskýrsla – 4.500 tonna aukning á hámarkslífmassa og breytingar á eldissvæðum – Háafell ehf. Ísafjarðardjúpi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda umhverfismatsskýrslu.

Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. viðauka II í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin minnir á að málshraðaviðmið stofnunarinnar fyrir útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá fullnægjandi umsókn.

Framkvæmdarlýsing

Háafell ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar frekari uppbyggingu sjókvíaeldis á laxi og regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi með því að auka hámarkslífmassa um 4.500 tonn, fækka eldissvæðum og stækka og breyta eldissvæðunum Ytra-Kofradýpi og Bæjarhlíð. Gert er ráð fyrir að hámarkslífmassi verði 11.300 tonn á hverjum tíma. Núgildandi leyfi rekstraraðila heimilar 6.800 tonna lífmassa að hámarki á 10 eldissvæðum í Ísafjarðardjúpi. Að auki hafa leyfi verið veitt til fyrirtækjanna Arctic Sea Farm ehf., Arnarlax ehf. og Hábrúnar hf. fyrir alls 18.700 tonnum svo með þessari viðbót yrði heimilaður heildarlífmassa í Ísafjarðardjúpi 30.000 tonn sem er burðarþol fjarðarins. Önnur fyrirtæki eru með áform um stækkanir en þau áform eru á komin mislangt í umhverfismats- og umsóknarferli. Ljóst er að ekki geta öll áformin orðið af veruleika vegna burðarþolsmats Ísafjarðardjúps.

Fjallað er stuttlega um valkostina að fiskurinn yrði alinn á landi í stað sjókvía auk þess sem fjallað er um að hafa fiskeldið í lokuðum sjókvíum. Gerð var stuttlega grein fyrir valkostum varðandi staðsetningu, skipulag eldisins, umfang, seiðastærð, eldistegund og eldi á ófrjóum laxi. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar er ekki um eiginlega valkostagreiningu að ræða þar sem allir umhverfisþættir valkostanna eru ekki bornir saman við aðalvalkost en valkostaumfjöllunin gefur þó einhverja mynd af mögulegum valkostum í tengslum við framkvæmdina.

Áhættumat siglinga liggur ekki enn fyrir en mun liggja fyrir áður en sótt verður um tilskilin leyfi.

Áhrif á vatn

Niðurstaða umhverfismatsskýrslunnar er að stækkun eldissvæða og aukning lífmassa eldisins muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á umhverfið, þar á meðal á vatnshlot. Stækkunin er þó innan burðarþolsmats sem Hafrannsóknastofnun hefur unnið.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að öll vatnshlot eiga að uppfylla þau umhverfismarkmið sem sett eru fyrir þau skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Vatnshlotið Ísafjarðardjúp (101-1390-C) hefur umhverfismarkmið um a.m.k. gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand, en Álftafjörður við Djúp (101-1380-C) hefur umhverfismarkmið um mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand.

Í umhverfismatsskýrslunni og fylgiskjöllum hennar eru takmarkaðar upplýsingar um ástand Álftafjarðar við Djúp út frá þeim viðmiðum sem notuð eru til ástandsflokkunar samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Þó er tekið fram að kviarnar séu á tiltölulega litlu dýpi og að staðsetning þeirra sé innan við botnþröskulda sem geta skapað náttúrulegar hindranir fyrir sjóskipti og dreifingu næringarefna.

Stofnunin bendir á að með umsókn um leyfi skal rekstraraðili einnig skila inn sameiginlegu mati á áhrifum framleiðsluaukningarinnar á vatnshlotin Ísafjarðardjúp og Álftafjörð við Djúp en stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um gerð slíks áhrifamats.¹ Einnig er vert að benda á að með auknum lífmassa fylgir krafa um umfangsmeiri vöktun. Þetta er sérstaklega mikilvægt í Ísafjarðardjúpi þar sem mörg fiskeldisfyrirtæki eru starfandi innan sama fjarðar.

Loftslag

Fram kemur að í verkefni sem Landssamband fiskeldisstöðva vann árið 2017 um kolefnisspor laxeldis hafi niðurstaðan verið sú að losun gróðurhúsalofttegunda frá laxeldi í sjó á Íslandi hafi verið 3,21 kg CO₂-ígilda á hvert kíló af tilbúinni afurð sem sé svipað og við veiðar á villtum fiski og lægri en í flestri annarri framleiðslu á dýraafurðum til manneldis. Fram kemur að Háafell sé samstarfsaðili Bláma og að eitt af markmiðum Bláma sé að vinna að því að skipta út jarðefnaeldsneyti í Ísafjarðardjúpi fyrir árið 2040 með samstilltu átaki stjórnvalda, fyrirtækja og sveitarfélaga á svæðinu. Umhverfis- og orkustofnun telur afar jákvætt að hugað sé að orkuskiptum í geiranum.

Fuglar og selir

Öll eldissvæði rekstraraðila auk fyrirhugaðra breytinga falla undir reiti í nýtingarflokknum *staðbundin nýting* samkvæmt strandsvæðisskipulagi Vestfjarða samkvæmt umhverfismatsskýrslunni. Fyrir reiti SN30, SN31, SN32, SN33 og SN34 eru sérákvæði er varða það að við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skuli taka afstöðu til vöktunar

¹ [Leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

fuglalífs og sela þar sem starfsemin eða búnaður tengdur henni kunni að hafa áhrif á dýrategundirnar. Samkvæmt köflum 8.2.5 og 8.2.6 í umhverfismatsskýrslunni er það mat rekstraraðila að áhrif eldisins á fugla og sjávarspendýr (þ.e. seli og hvali) séu óveruleg. Umhverfis- og orkustofnun gerir ekki athugasemd við þá niðurstöðu en bendir á að stofnunin getur gert breytingar á fyrirkomulagi vöktunar samkvæmt starfsleyfi og bætt við vöktun á fuglum eða sjávarspendýrum, telji hún ástæðu til.

Ásætuvarnir

Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að rekstraraðili hefur unnið að því að fasa út nælon netpoka og skipta yfir í HDPE netpoka. Umhverfis- og orkustofnun telur umfjöllun um ásætuvarnir ekki fullnægjandi í umhverfismatsskýrslunni og því ekki hægt að meta áhrif þessara netpoka á strandsjóinn og lífríki hans. Stofnunin bendir rekstraraðila á að tilkynna stofnuninni um breytingu á ásætuvörn áður en ný ásætuvörn er tekin í notkun svo stofnunin geti metið hvort þörf sé á sérstakri heimild fyrir notkun hennar.

Vöktunaráætlun

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í samræmi við grein 5.1 í núgildandi starfsleyfi rekstraraðila er gerð krafa um að rekstraraðili vakti helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna. Sú vöktun er í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins og í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Rekstraraðili á að skila inn vöktunarskýrslu árlega sem byggir á vöktunaráætlun sem hefur verið samþykkt af Umhverfis- og orkustofnun. Stofnunin bendir á að vöktunaráætlunin skal taka til vöktunar á þeim líffræðilegu og efna- og eðlisefnafræðilegu gæðapáttum sem notaðir eru til að meta ástand strandsjávarhlota og stofnunin metur fullnægjandi. Einnig skal vakta dreifingu á losun mengunarefna í viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörungum og meta umhverfisástand sjávarbotns.

Ákvæði um mengunarvarnir og hvíld eldissvæða eru í starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar og kröfur í vöktunaráætlun taka m.a. til uppsöfnunar lífrænna efna undir eldiskvíum og eru settar með það markmið að draga úr áhrifum af sjókvíaldinu að einhverju leyti.

Umhverfis- og orkustofnum bendir á að uppfæra þarf vöktunaráætlun, sér í lagi með tilliti til krafna sem gerðar eru samkvæmt lögum um stjórn vatnamála, og æskilegt er að uppfærð vöktunaráætlun fylgi umsókn um breytingu á starfsleyfi. Stofnunin bendir á nýútgefnar leiðbeiningar fyrir gerð vöktunaráætlunar samkvæmt stjórn vatnamála.²

Helstu umhverfisáhrif

Að mati Umhverfis- og orkustofnunar eru helstu umhverfisáhrif starfseminnar uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni undir og við kvíar eldisins. Fram kemur í skýrslunni að með breytingunni muni hámarkslífmassi aukast um 4.500 tonn og fóðurmagn jafnframt aukast talsvert og verða í heildina tæp 14.000 tonn á ári. Að mati rekstraraðila mun heildarmagn

² [Leiðbeiningar fyrir gerð vöktunaráætlunar samkvæmt stjórn vatnamála](#)

næringarefna (kolefni, köfnunarefni og fosfór) sem fellur til botns í föstu formi í nágrenni kvíanna verða um 1.440 tonn á þriggja ára tímabili. Umhverfis- og orkustofnun telur að með auknu umfangi kunni uppsöfnun lífrænna efna að aukast en telur að með nægri hvíld eldissvæða, byggt á niðurstöðum vöktunar í rauntíma, megi lágmarka áhrifin. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að fylgjast þarf vel með styrk súrefnis í botnlagi fjarðarins. Samkvæmt burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar er talið æskilegra að meiri eldismassi sé utar í firðinum en innar og lögð áhersla á að eldi innan við Æðey verði ekki meira en þegar er áætlað. Í nágildandi áhættumati erfðablöndunar segir að forsenda fyrir eldi á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi sé að eldi verði ekki stundað í botni fjarðarins, þ.e. innan við þá línu sem dregin er frá Ögurnesi að Æðey og Hólmasundi. Af þessu leiðir að rekstraraðili getur ekki nýtt sjókvíeldissvæði B og C undir frjóan lax. Stofnunin telur enn ekki fyllilega ljóst hvernig rekstraraðili hyggt bregðast við ef svæði hefur ekki jafnað sig eftir hvíld og fresta þarf útsetningu, í ljósi þess að áhættumat erfðablöndunar heimilar ekki notkun allra fyrirhugaðra svæða.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í starfsleyfi fyrir starfseminni er ákvæði þess efnis að stofnunin geti einhliða frestað útsetningu seiða sé það mat stofnunarinnar að niðurstöður vöktunar bendi til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði. Umhverfis- og orkustofnun bendir jafnframt á að skoða þurfi þann valmöguleika að takmarka lífmassa eftir svæðum bæði til að draga úr áhrifum eldisins á djúplag þar sem það á við og einnig ef vöktun bendir til þess að álag sé að aukast á ákveðnum svæðum.

Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, er það mat rekstraraðila að stækkun eldissvæða við Bæjarhlíð og Ytra-Kofradýpi og aukning lífmassa eldis Háafells um 4.500 tonn hafi heilt yfir **nokkuð neikvæð** áhrif á umhverfi. Jafnframt að áhrifin af eldinu séu **tímabundin** og **afturkræf** ef sjókvíeldi í Ísafjarðardjúpi er hætt. Umhverfis- og orkustofnun gerir ekki athugasemdir við þessar niðurstöður.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur